

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 75/98  
frá 17. júlí 1998

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/98 frá 30. apríl 1998<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 97/C 303/01 frá 22. september 1997 um frekari þróun númerafyrirkomulags í fjarskiptaþjónustu í Evrópubandalaginu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26e (ályktun ráðsins 95/C 341/03) í XI. viðauka við samninginn:

„26f. **397 Y 1004(01)**: Ályktun ráðsins 97/C 303/01 frá 22. september 1997 um frekari þróun númerafyrirkomulags í fjarskiptaþjónustu í Evrópubandalaginu (Stjtið. EB C 303, 4.10.1997, bls. 1).”

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 229.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 303, 4.10.1997, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 97/C 303/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner